

UNDIRBÚNINGUR RÝNIFUNDA

17. Efnahags- og peningamál

Yfirlit yfir sjónarmið sem taka þarf tillit til vegna sérstöðu Íslands

Ríki sem ganga í Evrópusambandið verða að taka mið af sameiginlegri efnahagsstefnu sambandsins eins og kveðið er á um í *Sáttmála um starfshætti Evrópusambandsins* (e. Treaty on the functioning of the European Union - TFEU) og viðauka við hann. Einnig er að verulegu leyti stuðst við *Sáttmála um stöðugleika og hagvöxt* (e. Pact for Stability and Growth). Sáttmálinn fellur utan EES-samningsins. Aðildarríkin verða að uppfylla ákvæði sem takmarka halla á fjárlögum (e. Excessive Deficit Procedure) og að öðru leyti tryggja sem best efnahagslegan stöðugleika. Aðildarríkjum ber þannig að stefna að því að verðbólga og langtímavextir nálgist það sem best gerist meðal bandalagsþjóðanna. Seðlabanki Íslands verður aðili að *Evrópska seðlabankakerfinu* (e. European System of Central Banks - ESCB), sem er samstarfsvettvangur Seðlabanka Evrópu og seðlabanka allra aðildarríkja ESB, óháð því hvort þau hafa tekið upp evruna eða ekki.

Nýlega hafa leiðtogaráðið (e. European Council) og Evrópuþingið samþykkt viðamikið regluverk sem miðar að því að herða mjög eftirlit með hagstjórn til að tryggja stöðugleika í ríkisfjármálum, jafnvægi í þjóðarbúskap og fjármálastöðugleika. Ljóst er að þetta regluverk, sem enn er í mótun, mun auka verulega kröfur um markvissa og nákvæma hagstjórn í aðildarríkjunum. Meiri aga í efnahagsstjórn er fylgt eftir með viðvörðunum og í versta falli sérstökum refsíákvæðum, en þau gilda aðeins gagnvart ríkjum sem hafa tekið upp evru.

Evrópusambandið gerir kröfur til aðildarríkjanna um að þau viðhafi samleitni í aðgerðaráætlunum og að efnahagsstefnan sé í samræmi við ályktanir og viðmiðunarreglur sambandsins. Nýjum aðildarríkjum ber að aðlagast skilyrðum fyrir upptöku evru, stefna að stöðugu verðlagi og haga stefnu sinni í gengismálum með sameiginlega hagsmuni að leiðarljósi. Þess er vænst að öll aðildarríkin verði hluti af evrusvæðinu að loknu aðlögunarferli. Til þess að aðildarríki sé heimilt að taka upp evru verður að uppfylla ákveðin efnahagsleg og fjármálaleg skilyrði, svokölluð Maastricht-skilyrði:

- Ársverðbólga má ekki vera meira en 1,5% yfir meðalverðbólgu í þeim þremur aðildarríkjum sem standa best að vígi varðandi verðbólgu.
- Langtíma vextir mega ekki vera hærri en 2% yfir meðalvöxtum í þeim þremur aðildarríkjum sem standa best með tilliti til verðstöðugleika.
- Halli á rekstri hins opinbera má ekki vera meiri en 3% af landsframleiðslu.
- Skuldir hins opinbera mega ekki vera hærri en 60% af landsframleiðslu nema hægt verði að sýna fram á fullnægjandi lækkunarferil að því markmiði¹.
- Umsóknarríkið þarf að hafa tekið þátt í gengissamstarfi Evrópu, *ERM II*, í a.m.k. tvö ár án þess að rjúfa tilskilin gengisvíkmörk eða fella miðgengið gagnvart evru (með þátttöku í *ERM II* aðstoðar Seðlabanki Evrópu við að halda gengi gjaldmiðilsins innan $\pm 15\%$ frávíks frá ákveðnu miðgengi við evru).

¹ Skuldirnar eru reiknaðar sem brúttóskuldir án viðskiptaskulda og lífeyrisskuldbindinga.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Eftir að evra hefur verið tekin upp þarf síðan stöðugt að haga efnahagsstefnu hvers aðildarríkis innan þessa ramma, en hann hefur nýlega verið styrktur og aukinn að umfangi eins og áður sagði.

ERM II

Við inngöngu í ESB er umsóknarríki í sjálfsvald sett hvenær það gerist aðili að gengissamstarfinu ERM II. Þátttaka í ERM II í að minnsta kosti tvö ár er skilyrði fyrir upptöku evru, en auk þess þarf að uppfylla önnur efnahagsleg og fjármálaleg skilyrði fyrir upptöku evru (Maastricht-skilyrði). ERM II er gengisfyrirkomulag þar sem stefnt er að stöðugleika gagnvart evru en jafnframt boðið upp á sveigjanleika til að varðveita verðstöðugleika. Stöðugleiki gjaldmiðilsins er á ábyrgð seðlabanka hvers ríkis. Aðgengi er þó að takmörkuðum skammtímalánalánum frá Seðlabanka Evrópu til að draga úr gengissveiflum innan vikmarka, þó þannig að aðildarríki verður fyrst að nota eigin varasjóði að skynsamlegu marki. ESB aðstoðar hins vegar beinlínis við að verja 15% vikmörkin sjálf. Innan þessa ramma hafa ríki í ERM II nokkurt sjálfstæði í peningamálum.

Upptaka evru

Í lok aðlögunarferils vegna upptöku evru er gengi fest varanlega og undirbúningur hafinn fyrir gjaldmiðlaskipti. Jafnframt hefst full þátttaka viðkomandi ríkis í starfi Seðlabanka Evrópu. Loks fæst aðgangur að nýstofnuðu evrópsku fjármálastöðugleikakerfi (e. European Stability Mechanism). Refsiákvæði vegna of mikils halla á rekstri hins opinbera taka einnig gildi við upptöku evru. Eftir að evra hefur verið tekin upp fer Seðlabanki Evrópu með stjórn peningamála og hefur fengið víðtækar heimildir til að framfylgja sameiginlegri peningastefnu sambandsins. Seðlabanki Íslands verður hluti af *Evruférfinu* (e. Eurosystem), sem er samstarfsvettvangur Seðlabanka Evrópu og seðlabanka evruríkjanna. Á þeim vettvangi er hin sameiginlega peningastefna evruríkjanna mótuð.

Seðlabanki Íslands mun því eiga aðild að þeim ákvörðunum sem teknar verða um gengismál á evrusvæðinu og innan Evrópusambandsins. Á Íslandi vinnur bankinn að framgangi og útfærslu á sameiginlegri peningastefnu evrusvæðisins. Jafnframt mun Seðlabanki Íslands halda áfram að sinna öðrum hefðbundnum verkefnum sínum sem lúta að fjármálastöðugleika, hagrannsóknunum, hagskýrslugerð, útgáfustarfsemi o.fl.

Helstu atriði viðræðna

Eins og kemur fram í álit meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis um þingsályktun um aðildarumsókn að ESB þá er lítið svigrúm til að semja um undanþágur eða sérstaka meðhöndlun vegna inngöngu í evrusvæðið. Undirbúningsferlið að upptöku evru gegnum þátttöku í ERM II er eitt mikilvægasta viðfangsefni samninga vegna 17. kafla.

Samningahópurinn leggur til að á rýnifundum með framkvæmdastjórn ESB verði gefið skýrt til kynna að eftirfarandi atriði þurfi að ræða frekar:

- *ERM II*. Samið er sérstaklega um vikmörk gengis eftir að Ísland er orðið aðili að ESB en hugsanlega þarf að kanna í samningaviðræðum hversu mikinn stuðning er hægt að fá til að draga úr gengissveiflum. Aðgengi að lánum til að verja umsamin vikmörk skiptir hér máli. Innganga í evru á ósjálfbæru gengi getur leitt til óstöðugleika og

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

fjárhagsvandamála seinna meir eins og reynslan hefur sýnt. Því er mikilvægt að vandað gagnkvæmt mat á inngönguskilyrðum fari fram fyrir inngöngu í ERM II.

- *Túlkun ákvæða um fjármál hins opinbera.* Skuldir hins opinbera mega ekki vera yfir 60% af landsframleiðslu samkvæmt Maastricht-skilyrðunum nema hægt verði að sýna fram á fullnægjandi lækkunarferil að því markmiði. Mikilvægt er að halda á lofti að skuldastaðan er lækkandi og sjálfbær og að staða lífeyrisskuldbindinga til framtíðar er betri en víða í aðildarríkjunum. Ef sýnt er fram á fullnægjandi lækkunarferil ætti skuldastaða hins opinbera ekki að seinka upptöku evru. Halda þarf til haga þróun opinberra skulda á Íslandi og að peningalegar eignir eru meiri en í flestum öðrum Evrópuríkjum
- *Afnám gjaldeyrishafta og þjóðhagsvarúðarreglur.* Gjalddeyrishöft koma óhjákvæmilega til umfjöllunar í samningaviðræðum þótt þau falli ekki beint undir þennan kafla. Höftin þarf að afnema áður en til inngöngu kemur. Ræða þarf hugsanlega aðstoð ESB við að komast út úr þeim. Jafnframt þarf að líta til þess að líklega er þörf fyrir Ísland að takmarka áhættusama alþjóðlega starfsemi fjármálafyrirtækja og gjaldeyrisáhættu banka með höfuðstöðvar á Íslandi svo lengi sem Ísland er utan evrusvæðisins. Nánar er fjallað um gjaldeyrishöftin og áætlun um afnám þeirra í greinargerð um frjálsa fjármagnsflutninga (tryggja þarf samþættingu samningaviðræðna þessa kafla við kafla 4 um frjálst flæði fjármagns og kafla 9 um fjármálamarkaðinn).
- *Aðstoð vegna greiðslujafnaðarvanda.* Aðildarríkjum ESB sem hafa ekki tekið upp evru gefst kostur á lánsfé ef glímt er við greiðslujafnaðarvanda. Vextir á þeim eru Libor vextir án álags. Þau eru veitt til 5-6 ára án tiltekinnar hámarksupphæðar til hvers lands en til ráðstöfunar eru um 50ma evra. Slík aðstoð gæti gagnast Íslandi í tengslum við aðgerðir til að ná stöðugleika í erlendri stöðu þjóðarbúsins.
- *Annað.* Huga þarf að er aðlögun að kröfum um bætt eftirlit með fjármálastofnunum og aukna upplýsingaöflun (fyrirsjáanlegur er talsverður kostnaður og aukið starfsmannahald til að uppfylla allar kröfur um þetta efni). Skýra þarf stöðuna varðandi endurskoðun á lögum um Seðlabankann til að uppfylla kröfur um sjálfstæði hans í samræmi við 131. gr. sáttmálans um starfshætti ESB. Lög sem uppfylla kröfur ESB um sjálfstæði seðlabanka þurfa að vera til staðar áður en gengið er í Evrópusambandið.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggiöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Greinargerð til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða í samningahópum

Kafli 17 Efnahags- og peningamál

Unnið var að rýningu kaflans á tímabilinu september 2010 – febrúar 2011.

Samantekt

Gerðir kaflans fjalla um almenna hagstjórn, peningamálastefnu, starfsemi stofnana, umgjörð efnahags- og myntbandalagsins (EMU) og Seðlabanka Evrópu (SBE). Í kaflanum er lýst samþykktum um opinber fjármál, skilyrðum fyrir upptöku evru, gengissamstarfi Evrópu, *ERM II*, (e. Exchange Rate Mechanism) auk lýsingar á regluverki evrusamstarfsins. Einnig er fjallað umstuðning við gengi (vikmörk) og sérstakan fjárstuðning til aðildarríkja utan evru í efnahagsvanda. Þá er greint frá þeim breytingum á á seðlabankalögum, greiðslukerfum og haggagnaöflun sem gera þarf fyrir inngöngu í sambandið. Í lokin er fjallað um nýjar gerðir sem herða mjög á eftirliti með og framkvæmd efnahagsstefnu aðildarríkja sambandsins, einkum evruríkja.

Við inngöngu í ESB er umsóknarríki í sjálfsvald sett hvenær það gerist aðili að gengissamstarfinu *ERM II*. Pólverjar og Ungverjar ásamt fleirum hafa til dæmis kosið að bíða með að ganga í *ERM II*. Þátttaka í *ERM II* í að minnsta kosti tvö ár er hins vegar skilyrði fyrir upptöku evru en auk þess þarf að uppfylla efnahagsleg og fjármálagleg skilyrði fyrir upptöku evru (Maastricht-skilyrði). *ERM II* er gengisfyrirkomulag þar sem stefnt er að stöðugleika viðkomandi gjaldmiðils gagnvart evru en jafnframt boðið uppá sveigjanleika til að varðveita verðstöðugleika. Stöðugleiki gjaldmiðilsins er á ábyrgð seðlabanka hvers ríkis. Aðgengi er þó að takmörkuðum skammtímalánalínum frá Seðlabanka Evrópu sem aðstoðar við að halda genginu innan $\pm 15\%$ fráviks frá ákveðnu miðgengi við evru. Innan þess ramma hafa ríki nokkuð sjálfstæði í peningamálum. Af því er þó ljóst að fullkomið flotgengi, „crawling pegs“ og tengingar við annað en evru samræmist ekki *ERM II* fyrirkomulaginu. Þó er gert ráð fyrir að vaxtabreytingar verði helsta tækið til að halda gengishlutföllum innan marka. Eftir að evra hefur verið tekin upp fer Seðlabanki Evrópu með stjórn peningamála og hefur fengið víðtækar heimildir til að framfylgja sameiginlegri peningastefnu sambandsins. Einstakir seðlabankar verða undir boðvaldi Seðlabanka Evrópu sem hluti af Seðlabankakerfi Evrópu.

Helstu mál í samningaviðræðum munu lúta að umgjörð peningamála og ríkisfjármála. Hyggja þarf sérstaklega að beitingu hugsanlegra þjóðhagsvarúðarreglna (tryggja þarf samþættingu samningaviðræðna þessa kafla við kafla 4 um frjálst flæði fjármagns og kafla 9 um fjármálamarkaðinn). Halda þarf til haga þróun opinberra skulda á Íslandi og eiginleika þeirra þar sem til eru meiri peningalegar eignir en í flestum öðrum Evrópuríkjum og verulegar eignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins. Skuldastaða hins opinbera ætti ekki að koma í veg fyrir upptöku evru eða uppfyllingu skilyrða um stöðugleika opinberra fjármála.

Þá þarf að huga að skilyrðum fyrir inngöngu Íslands í gengissamstarfið *ERM II*. Samið er sérstaklega um vikmörk gengis eftir að Ísland er orðið aðili að ESB en hugsanlega þarf að kanna í samningaviðræðum hversu háar upphæðir standa til boða í skammtímalánum frá

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Seðlabanka Evrópu til þess að takmarka gengissveiflur innan vikmarka. Upphæðirnar hafa verið mjög breytilegar eftir ríkjum og virðast frekar lágar í samanburði við veltu gjaldeyrismarkaða. Hafa ber í huga að um er að ræða lágmarksskuldbindingu og Seðlabanki Evrópu gæti ákveðið að verja stærri upphæðum telji hann vikmörkin í samræmi við undirliggjandi efnahgsaðstæður.

Þó gjaldeyrishöft falli ekki undir þennan kafla, enda frjálsir fjármagnsflutningar hluti af EES regluverki, eru þau nátengd efni hans. Þau koma því óhjákvæmilega til umfjöllunar í samningaviðræðum, þar á meðal hugsanleg aðstoð ESB við að komast út úr þeim og líkleg þörf Íslands að hefta alþjóðlega starfsemi og gjaldeyrísáhættu banka með höfuðstöðvar á Íslandi svo lengi sem Ísland er utan evrusvæðisins. Hvað sum atriði varðar gæti þörfin á takmörkunum á bankastarfsemi verið fyrir hendi svo lengi sem viðeigandi umbætur hafa ekki verið gerðar á ESB regluverki varðandi bankastarfsemi yfir landamæri. Nánar er fjallað um gjaldeyrishöftin og áætlun um afnám þeirra í greinargerð samningahóps um EES II til aðalsamninganefndar um 4. kafla um frjálsa fjármagnsflutninga. Einnig þarf að líta til efnis og þróunar mála í 9. kafla um fjármálastarfsemi varðandi þróun þjóðhagsvarúðartækja.

Evrópusambandið gerir auknar kröfur til sjálfstæðis seðlabanka aðildarríkjanna, eins og bent var á í greiningarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar sem gefin var út í febrúar 2010. Sjálfstæði Seðlabanka Íslands í peningamálum er að vísu tryggt samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands frá 2001. Þar er kveðið skýrt á um að meginmarkmið bankans sé að stuðla að stöðugu verðlagi og að bankinn hefur fullt sjálfstæði til að beita stjórnþækjum sínum í því skyni. Hins vegar eru í lögnum nokkur ákvæði um að bankanum beri að leita eftir eða fylgja fyrirmælum annarra stjórnvalda í öðrum málum. Vegna inngöngu í ESB þarf að lögfesta skýr ákvæði sem banna stjórnvöldum að gefa Seðlabankanum fyrirmæli, samþykkja, fella úr gildi eða fresta ákvörðunum Seðlabankans eða taka þátt (með atkvæðisrétti) í ákvarðanatöku Seðlabankans. Styrkja þarf stöðu hans innan stjórnkerfisins, tryggja fjármálalegt sjálfstæði svo sem við gerð fjárhagsáætlunar og með skýrari bókhaldsreglum. Jafnframt þarf að skerpa á því í lögum um seðlabankann að bankinn styður ekki við ógjaldfærar fjármálastofnanir nema í þeim tilvikum sem bankinn telst vera milliliður fyrir ríkið. Þá gæti þurft að endurskoða 22. grein Seðlabankalaga sem kveður á um að yfirstjórn bankans sé í höndum efnahags- og viðskiptaráðherra og pólitískt skipaðs bankaráðs. Það gæti verið talin vísbending um að efnahags- og viðskiptaráðherra geti gefið bankanum fyrirmæli varðandi peningastefnu, fjármálastöðugleikastefnu, meðferð gjaldeyrisforða eða greiðslukerfi, svo dæmi séu tekin. Það mun því þurfa að styrkja stofnanalegt sjálfstæði Seðlabankans með lögum. Engar reglur eru í gildi sem tryggja sjálfstæði þeirra einstaklinga sem taka þátt í ákvarðanatöku.

Önnur atriði sem huga þarf að eru kröfur um bætt eftirlit með fjármálastofnunum og aukin upplýsingaöflun. Loks er fjárstuðningur frá ESB vegna upptöku á greiðslukerfinu Target2 og nýs bókhaldskerfis Seðlabanka mikilvæg mál til athugunar til að uppfylla kröfur ESB komi til aðildar að sambandinu.

Efni 17. kafla

Lýsingu á efni kaflans er hér skipt í fimm hluta. Í *fyrsta* hlutanum er fjallað um gerðir sem lúta að stjórn efnahagsmála og þau skilyrði sem uppfylla þarf til að standast kröfur sambandsins um rekstur og skuldbindingar hins opinbera. Einnig eru þar ályktanir og skoðanir stofnana bandalagsins á þróun efnahagsmála aðildarríkjanna í ljósi þeirra

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

skuldbindinga sem ríkin hafa gengist undir. Í öðrum hluta er fjallað um gerðir sem varða stefnuna í efnahags- og peningamála fram að upptöku evru. Í þriðja hluta er greint frá gerðum sem eiga við eftir inngöngu í evrusvæðið. Í fjórða hluta er lýst gerðum um gagnaöflun fyrir Evrópusambandið ásamt greiðslukerfum og uppgjörskerfum sem taka þarf upp ef gengið er inn í myntsamstarfið. Í hverjum þessara hluta er að finna lista yfir megingerðir á viðkomandi sviði, þeim lýst í stuttu máli og eftir atvikum gerð grein fyrir áhrifum þeirra hér á landi komi til aðildar. Í fimmta hluta er farið stuttlega yfir þær breytingar sem nú eru fyrir dyrum varðandi stjórn efnahagsmála innan ESB.

1. Stjórn efnahagsmála

Aðildarríki Evrópusambandsins skulu líta á efnahagsstefnu sína sem sameiginlegt hagsmunamál og skulu þess vegna samhæfa stefnur sínar innan ráðsins í samræmi við 120.-144. gr. sáttmálans um starfshætti ESB (TFEU). Sameiginlegri efnahagsstefnu er m.a. ætlað að varða veginn fyrir upptöku evru, sem ætlast er til af öllum aðildarríkjum ESB að loknu aðlögunarferli, nema sérstaklega sé samið um annað líkt og Bretland og Danmörk hafa gert. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hvert um sig fylgjast með framvindu efnahagsmála, í samræmi við ákvæði sáttmálans, og hvernig aðildarríki hyggjast uppfylla kröfur stöðugleikasáttmálans.

Sameiginlega efnahagsstefnan er sett í megindráttum sett fram á tvennan hátt. Annars vegar í 121. til 126. gr. sáttmálans um starfshætti ESB (TFEU) og viðaukum við sáttmálann. Hins vegar í sáttmála um stöðugleika og hagvöxt (e. *Stability and Growth Pact*) þar sem settar eru nánari reglur. Ákvæði sameiginlegu efnahagsstefnunnar gilda um öll aðildarríkin að undanskildum ákvæðum um viðbrögð vegna of mikils hallareksturs hins opinbera sem gilda aðeins um evruríki.

Í 126. gr. sáttmálans og viðaukum við hann er kveðið á um að halli á rekstri hins opinbera megi ekki vera umfram 3% af landsframleiðslu. Tvær undantekningar eru þó á þeirri reglu. Annars vegar ef hallinn hefur lækkað og sé nærri 3% af VLF. Hins vegar ef umframhallinn er lítill, vegna sérstakra aðstæðna svo sem mikils samdráttar í hagkerfinu, og tímabundinn. Auk þess mega skuldir hins opinbera ekki vera umfram 60% af landsframleiðslu. Gerð er undantekning frá því ef skuldirnar fara lækkanði og nálgast skuldahámarkið nægilega hratt. Skuldir hins opinbera á Íslandi verða líklega innan við 100% af landsframleiðslu í árslok 2011. Stefnt er að því að þær fari síðan hratt lækkanði og verði um 80% af landsframleiðslu í árslok 2013. Hægt væri að lækka skuldirnar umfram það nokkuð hratt með sölu eigna sem ríkissjóður hefur eignast við endurfjármögnun bankakerfisins og minnkun gjaldeyrisforðans þegar fram líða stundir. Innan Evrópusambandsins er nú unnið að breytingum á þessum reglum, m.a. vegna þeirrar auknu athygli sem skuldastaða hins opinbera hefur fengið í núverandi fjármálakreppu, sjá nánar í kafla 5. Meðal þeirra tillagna sem komið hafa fram er að skilyrða ríki með skuldir umfram 60% af VLF til þess að lækka skuldir sínar árlega um 1/20 af skuldum yfir 60% yfir þriggja ára tímabil. Ef framhald verður á þeim afgangi af rekstri hins opinbera sem stefnt er að árið 2013 mun Ísland eiga í litlum vandræðum með að uppfylla þær kröfur.

Sáttmálinn um stöðugleika og hagvöxt er settur fram í reglugerðum nr. 1466/97 og 1467/97 með síðari breytingum. Reglugerðunum fylgdi einnig pólitísk yfirlýsing í ályktun ráðsins frá Amsterdam 17. júní 1997. Reglugerð 1466/97 er hinn forvirki þáttur sáttmálans (e. preventive

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

arm). Í henni er kveðið á um markmið í rekstri hins opinbera til millilangs tíma til þess að koma í veg fyrir að 3% þakið á halla hins opinbera sé ekki rofið. Þar er kveðið á um að skil á skýrslum aðildarríkjanna um þróun efnahagsmála og fjármála hins opinbera og viðvaranir vegna yfirvofandi áhættu. Til þess að auðvelda eftirlit framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna hvert með öðru skilar sérhvert evruríki svo nefndum stöðugleikaáætlunum en lönd sem standa utan evrusvæðisins skila sambærilegum samleitniáætlunum. Íslensk stjórnvöld skiluðu undanfaraskýrslu vegna aðildarumsóknar í janúar sl. (e. Pre-Accession Economic Programme) sem svarar til efnis samleitniáætlana. Stöðugleika- eða samleitniáætlun miðast við þróun eitt ár aftur í tíma og að minnsta kosti þrjú ár fram í tíma og inniheldur meðal annars eftirfarandi þætti:

- Markmið er sett til meðallangs tíma um stöðu opinberra fjármála og aðlögunarferli að settu markmiði í fjármálum hins opinbera um jöfnuð eða afgang. Halli á rekstri hins opinbera skal haldast innan þeirra 3% af VLF marka sem sáttmáli sambandsins setur. Jafnframt er tryggð langtíma sjálfbærni fjármála hins opinbera, árleg aðlögun að markmiðum í opinberum rekstri og væntur ferill skuldahlutfalls hins opinbera.
- Efnahagslegar forsendur áætlunarinnar
- Mat á aðgerðum sem framkvæma þarf svo markmiðum áætlunarinnar verði náð
- Greining á áhrifum á fjármál hins opinbera og skuldir vegna breyttra efnahagslegra forsendna
- Peningastefnumið til meðallangs tíma og tengsl þeirra við verð- og gengisstöðugleika (á aðeins við lönd utan evrusvæðis)

Reglugerð 1467/97 er ætlað að tryggja aðlögun ríkja sem farið hafa út af sporinu (e. corrective arm). Í henni er kveðið á um þau skref sem taka verður vegna of mikils halla á rekstri hins opinbera. Einnig er kveðið á um tímaáætlun fyrir bættan rekstur hins opinbera og mat á efnahagsþróun við framkvæmd reglnanna.

Varðandi markmið um ríkisfjármál til meðallangs tíma þá er gert ráð fyrir talsverðum sveigjanleika og aðlögunarferli þar sem tekið er tillit til séraðstæðna í hverju landi. Til dæmis ber að taka tillit til stöðu lífeyrissjóðsmála og aðgerða til að fjármagna lífeyrissjóðsskuldbindingar sérstaklega með uppbyggingu þriggja stoða kerfis, þótt slíkar aðgerðir valdi auknum skammtímahalla þar sem langtíma staða mun batna².

Við mat á skuldastöðu hins opinbera þarf að líta til þess að hreinar skuldir voru í lok árs 2010 um 69% af VLF. Þá eru peningalegar eignir ríkissjóðs meiri en t.d. í þeim ríkjum sem gengu í sambandið árið 2004. Lífeyrissjóðir standa mun betur með tilliti til framtíðarskuldbindinga en gerist í mörgum Evrópuríkjum. Skuldastaða Íslands frá þessum sjónarhóli er því allsterk og síst lakari en í mörgum aðildarríkjum ESB.

Aðrar alþjóðlegar stofnanir svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) fjalla ítarlega um íslenskt efnahagslíf og veita ráðgjöf. Munurinn á þeim umfjöllunum og eftirliti ESB er að ákveðin markmið eru sett af sambandinu og þau þarf að uppfylla. Þetta kallar á mun agaðri og nákvæmari hagstjórn en áður hefur tíðkast auk umfangsmikillar vinnu við upplýsingaöflun og skýrslugerð, sjá nánar í fjórða hluta greinargerðar.

² Sjá reglugerð númer 1055/2005 frá 27. júní 2005.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Helstu gerðir:

1. **Reglugerð ráðsins nr. 1466/1997 frá 7. júlí 1997 um hert eftirlit með stöðu fjárlaga og eftirlit og samhæfingu efnahagsstefnunnar og reglugerð nr. 1055/2005** (31997R1466, Council Regulation (EC) No 1466/97 of 7 July 1997 on the strengthening of the surveillance of budgetary positions and the surveillance and coordination of economic policies). (3200R1055, Council Regulation (EC) No 1055/2005 of 27 June 2005).

Efni:

Reglugerðin myndar ásamt reglugerð 1467/97 og ályktun Evrópuráðsins frá 17. júní 1997 *Sáttmála um stöðugleika og hagvöxt* (e. Stability and Growth Pact). Reglugerðirnar voru uppfærðar með reglugerð 1055/2005 í kjölfar skýrslu ráðsins „Improving the implementation of the Stability and Growth Pact“. Reglugerð 1466/97 myndar hinn svokallaða forvarnarpátt sáttmálans sem er ætlað að draga úr líkum á að illa fari fyrir opinberum fjármálum í aðildarríkjunum. Aðildarríkin skulu setja sér markmið varðandi opinber fjármál, sem mega vera önnur en hið yfirlýsta sameiginlega markmið um rekstur nálægt jafnvægi eða með afgangi. Markmið aðildarríkjanna í opinberum fjármálum skulu tryggja að hallinn verði ekki meiri en 3% af landsframleiðslu. Markmiðið skal tryggja skjótan viðsnúning í átt að sjálfbærni en gefa á sama tíma svigrúm til aðgerða í ríkisfjármálum, sérstaklega varðandi fjárfestingar hins opinbera. Ríki sem tekið hafa upp evru, eða eru í ERM II, skulu setja sér langtímamarkmið í fjármálum hins opinbera miðað við hagsveifluleiðréttu afkomu upp á 1% halla af VLF upp í afgang án einskiptisaðgerða og tímabundinna aðgerða.

Ráðið skal fylgjast með því hvort fjármál hins opinbera samræmist yfirlýstu markmiði stjórnvalda. Reglugerðin setur fram reglur um efni, skil, endurskoðun og eftirlit með stöðuleikaáætlunum, fyrir ríki sem tekið hafa upp evru, og samleitniáætlunum, fyrir ríki sem hafa enn ekki tekið upp sameiginlegan gjaldmiðil. Áætlanirnar eru snar hluti af marghliða eftirliti ráðsins til þess að koma í veg fyrir, á fyrstu stigum, að of mikill halli myndist á rekstri hins opinbera og til þess að stuðla að eftirliti og samhæfingu efnahagsstefnu. Skýrslunum skal skilað til ráðsins fyrir marsmánuð ár hvert. Þær skulu innihalda efni um líðandi ár auk spár þrjú ár fram í tímann.

Áhrif:

Hugsanlegt er að íslensk stjórnvöld verði að styrkja fjárhagsreglur hins opinbera til þess að tryggja að farið verði eftir reglugerðinni.

2. **Reglugerð ráðsins nr. 1467/1997 frá 7. júlí 1997 um að hraða og skýra framkvæmd aðgerða vegna of mikils fjárlagahalla.** (31997R1467, Council Regulation (EC) No 1467/97 of 7 July 1997 on speeding up and clarifying the implementation of the excessive deficit procedure).

Efni:

Reglugerðin myndar ásamt reglugerð 1466/97 og ályktun Evrópuráðsins frá 17. júní 1997 *Sáttmála um stöðugleika og hagvöxt* (e. Stability and Growth Pact). Árið 2005

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

voru reglugerðirnar uppfærðar³. Reglugerð 1467/97 myndar hinn svokallaða leiðrétandi þátt sáttmálans. Reglugerðin setur fram hvernig skuli hraða og skýra það ferli sem sett er fram í 126 gr. sáttmálans (áður gr. 104) um eftirlit með því hvort aðildarríkin fari eftir fjármálareglu ESB og hvaða aðgerða skuli grípa til ef svo er ekki. Í reglugerðinni er tekið fram að við aðstæður sem teljast sérstakar og tímabundnar þurfi ekki að grípa til aðgerða vegna halla á rekstri hins opinbera sem að öðrum kosti teldist brot á skuldbindingum. Slíkar aðstæður eru fyrir hendi ef þær eru utan stjórnar stjórnvalda eða eru afleiðingar verulegrar niðursveiflu í hagkerfinu. Þegar framkvæmdastjórnin gefur mat sitt á því hvort um of mikinn halla á rekstri hins opinbera er að ræða skal taka tillit til allra þátta sem tilteknir eru í 126. grein sáttmálans auk útgjalda ríkja til samstöðu Evrópu og þróunaraðstoðar. Einnig skal taka sérstakt tillit til umbóta í lífeyrismálum.

Telji framkvæmdastjórnin vera of mikinn halla í fjármálum hins opinbera í viðkomandi ríki skal hún skila skýrslu um málið. Efnahags- og fjármálanefndin skal taka hana til umræðu tveimur vikum síðar. Ráðið skal taka afstöðu til þess hvort of mikill halli hafi myndast innan fjögurra mánaða frá þeim dagsetningum sem settar eru fram í reglugerð nr. 3605/93 (nú 479/2005). Viðkomandi ríki er að því loknu gefið hálf tilið ár til að grípa til viðeigandi aðgerða. Tillögu ráðsins skal fylgja tímatafla um aðlögun fjármála hins opinbera. Skal henni vera lokið innan árs nema að um sé að ræða sérstakar aðstæður. Í tillögum sínum skal ráðið fara að lágmarki fram á bata um 0,5% af landsframleiðslu í hagsveifluleiðrétum afgangi án einskis- og tímabundinna aðgerða. Refsiaðgerðir vegna of mikils halla á rekstri hins opinbera ná aðeins til evruríkjanna.

Einnig eru ákvæði um hvernig evruríkjum með of mikinn halla skuli reisa í samræmi við ákvæði í sáttmálanum. Grípi ríki ekki til viðeigandi aðgerða innan 16 mánaða frá þeim tímasetningum sem settar eru fram í reglugerð nr. 3605/93 (nú 479/2005) skal grípa til viðurlaga. Í fyrstu skal ríkið leggja fram óvaxtaberandi innstæðu sem nemur 0,2% af landsframleiðslu auk tíunda hluta mismunar milli hallans og 3% af landsframleiðslu. Fyrir hvert ár sem viðkomandi ríkið er talið ekki hafa gripið til viðeigandi aðgerða skal viðkomandi ríki reisa fram tíunda hluta mismunar hallans og 3% af landsframleiðslu. Hver einstök innstæða má ekki verða hærri en 0,5% af landsframleiðslu. Telji ráðið að ríki hafi ekki leiðrétt of mikinn halla skal innstæðan breytast í sekt að tveimur árum liðnum. Þeir vextir sem safnast af innstæðunni skulu greiddast til evruríkja sem ekki eru talin með of mikinn halla af rekstri hins opinbera.

3. Reglugerð ráðsins nr. 479/2009 frá 25 maí 2009 um beitingu bókuar um ferli varðandi umframhalla í viðauka við stofnsáttmála EB (*Council Regulation (EC) No 479/2009 of 25 May 2009 on the application of the Protocol on the excessive deficit procedure annexed to the Treaty establishing the European Community*).

³ Umgjörðin er nánar skýrð í *Code of conduct: Specifications on the implementation of the Stability and Growth Pact and guidelines on the content and format of stability and convergence programmes*.

http://ec.europa.eu/economy_finance/sgp/pdf/coc/2010-09-07_code_of_conduct_%28consolidated%29_en.pdf

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska lögjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Efni:

Reglugerðin setur fram skilgreiningar á hagtölum og skilum á hagtölum til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við ESA95 staðal og eftirliti með framkvæmd þeirra. Í samræmi við eftirlit með of miklum halla á rekstri hins opinbera er í reglugerðinni sérstaklega farið yfir hvernig halli og skuldir hins opinbera skuli reiknaðar samkvæmt ESA95 staðli. Einnig er gert ráð fyrir skilum stjórnvalda á gögnum tvisvar á ári, fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert. Skila skal gögnum um líðandi ár auk fjögurra fyrri ára. Hagstofan sinnir nú tilkynningum til sambandsins á þessu sviði.

4. Reglugerð ráðsins nr. 332/2002 frá 18. febrúar 2002 um fjárhagsaðstoð aðildarríkja utan evrusvæðisins vegna vandræða með greiðslujöfnuð. (32002R0332, Council Regulation of 18 February 2002 establishing a facility providing medium-term financial assistance for Member States' balance of payments).

Efni:

Viðbúnaður (Balance of Payments Assistance Facility) sem veitir ríkjum sem hafa ekki tekið upp evru fjárhagsaðstoð vegna yfirvofandi eða raunverulegra greiðslujafnaðarerfiðleika. Lán er veitt gegn ákveðnum skilyrðum um aðgerðir til að bæta greiðslujöfnuð samkvæmt efnahagsáætlun líkt og gert er vegna lána AGS. Aðstoðin er fjármögnuð með lántökum á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Lettland, Ungverjaland og Rúmenía fengu aðstoð skv. þessari reglugerð í samvinnu við AGS.

Áhrif:

Þessi fjárhagsaðstoð gæti nýst Íslandi eftir inngöngu í sambandið, þó áður en kemur að upptöku evru, ef hagkerfið lendir í erfiðleikum með greiðslujöfnuð.

2. Efnahags- og peningastefna fram að upptöku evru

Evrópusambandið gerir kröfur til aðildarríkjanna um að þau nái fram samleitni í aðgerðaráætlunum og að efnahagsstefnan sé í samræmi við ályktanir og viðmiðunarreglur sambandsins. Viðmiðunarreglurnar eru reglulega uppfærðar og beinast annars vegar að öllum aðildarríkjum og hins vegar sérstaklega að evrusvæðinu. Nýjum aðildarríkjum ber að aðlagast skilyrðum fyrir upptöku evru og haga stefnu sinni í gengismálum með sameiginlega hagsmuni í huga. Danmörk og Bretland hafa sérstaka samninga sem gerðir voru fyrir upptöku evru og undanskilja þessi ríki frá þátttöku í peningasamstarfinu og fleiri skilyrðum sem lögð eru á önnur aðildarríki. Önnur lönd skulu taka upp evru eftir að hafa uppfyllt svonefnd Maastricht-skilyrði, þar með talið skilyrðið um minnst tveggja ára þátttöku í ERM II. Efnahagsleg skilyrði fyrir upptöku evru eru sett fram í 140 gr. sáttmálans um starfshætti ESB (TFEU) en töluleg viðmið eru í bókun (nr. 20) við 126. gr. sáttmálans:

- Ársverðbólga má ekki vera meira en 1,5% yfir meðalverðbólgu í þeim þremur aðildarríkjum sem standa best að vígi varðandi verðbólgu.
- Langtíma vextir mega ekki vera hærri en 2% yfir meðalvöxtum í þeim þremur aðildarríkjum sem standa best með tilliti til verðstöðugleika.
- Halli á rekstri hins opinbera má ekki vera meiri en 3% af VLF.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

- Skuldir hins opinbera mega ekki vera hærri en 60% af VLF nema hægt verði að sýna fram á fullnægjandi lækkunarferil að því markmiði⁴.
- Umsóknarríkið þarf að hafa tekið þátt í gengis- og myntsamstarfinu, ERM II í tvö ár án þess að rjúfa tilskilin gengisvikið eða hafa fellt miðgengi gagnvart evru.

Kröfur um ríkisfjármál gilda meðan á aðlögunarferli stendur en sum refsíákvæði aðeins fyrir evrusvæðið. Uppfylla verður kröfur um sjálfstæði seðlabanka við inngöngu í sambandið og uppfylla þarf bann við séraðgangi hins opinbera að lánastofnunum (sbr. 130 gr. TFEU). Fylgst er með aðlögunarferlinu með gerð samrunaskýrslna á tveggja ára fresti fyrir hvert land.

Við inngöngu í ESB er umsóknarríki í sjálfsveld sett hvort það gerist strax aðili að gengissamstarfinu ERM II. Danir eru í samstarfinu auk Letta og Litháa. Tékkland, Rúmenía, Pólland, Ungverjaland og Búlgaría hafa frestað þátttöku í samstarfinu. Svíar standa einnig utan við ERM II. Hins vegar er samkvæmt ályktun um stofnun ERM II ætlast til að aðildarríki sem hyggjast taka upp evru gerist aðilar að samstarfinu, enda er þátttaka sem fyrr segir skilyrði fyrir upptöku evru. Meðal ríkja sem hafa verið í ERM II en síðan „útskrifast“ og tekið upp evru eru Slóvenía (1/1 2007), Kýpur (1/1 2008), Malta (1/1 2008), Slóvakía (1/1 2009) and Eistland (1 / 1 2011).

	Innganga í ESB	Innganga í ERM II	Gengisfyrirkomulag innan ERM II	Upptakak evru
Danmörk	1973	1. jan 1999 (ERM frá 1979)	±2,25% vikið	-
Eistland	1. maí 2004	28. júní 2004	Myntráð	1. janúar 2011
Kýpur	1. maí 2004	2. maí 2005	Fastengi	1. janúar 2008
Lettland	1. maí 2004	2. maí 2005	±1% vikið	-
Litháen	1. maí 2004	28. júní 2004	Myntráð	-
Malta	1. maí 2004	2. maí 2005	Fastengi	1. janúar 2008
Slóvakía	1. maí 2004	28. júní 2004	Stýrt flot	1. janúar 2007
Slóvenía	1. maí 2004	28. nóv. 2005	Stýrt flot	1. janúar 2009

Meginmarkmið ERM II er að undirbúa ríki fyrir fastgengisfyrirkomulag. Efnahagsstjórn við slíkar aðstæður er í meginráttum ólík efnahagsstjórn við flotgengi þar sem nafngengisbreytingar geta gegnt mikilvægu hlutverki við aðlögun hagkerfisins. Með þátttöku í ERM II er stefnt að stöðugu gengi gjaldmiðilsins gagnvart fyrirfram ákveðnu miðgengi og að gengið haldist innan vikmarka gagnvart evru. Jafnframt er boðið upp á sveigjanleika til að varðveita verðstöðugleika. Seðlabanki Evrópu aðstoðar við að halda genginu innan ±15% fráviks frá ákveðnu miðgengi við evru. Að öðru leyti eru lönd með undanþágu (e. derogation) eða í ERM II sjálfstæð í peningamálum og geta valið umgjörð peningastefnu sem stríðir ekki gegn meginmarkmiðum ERM II og tryggir stöðugleika gengis um miðgengið og að vikmörkin séu virt.⁵ Þó er gert ráð fyrir að vaxtabreytingar verði helsta tækið til að halda gengishlutföllum innan marka. Hægt er að semja um þrengri frávik líkt og Danir hafa gert eða jafnvel myntráð gagnvart evru líkt og Eystrasaltslöndin gerðu, en Seðlabanka Evrópu er ekki skylt að verja slík þrengri mörk⁶. Upptaka á evru sem lögeyri framhjá aðlögunarferli ERM II samræmist ekki reglum sambandsins. Tvö Evrópuríki utan ESB, Kósóvó og Svartfjallaland, hafa einhliða tekið upp evru sem lögeyri og allmörg ríki utan Evrópu hafa fest gjaldmiðil sinn við evru.

⁴ Skuldirnar eru reiknaðar sem brúttóskuldir án viðskiptaskulda og lífeyrisskulda.

⁵ Í þeim tilfellum þar sem hagkerfi eru að ganga í gegnum verulega raunaðlögun er möguleiki á hækun miðgengisins í samræmi við breyttar grunnforsendur hagkerfisins.

⁶ Danska krónan er tengd við evru með ±2.25% vikmörkum.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Seðlabanki viðkomandi lands sér um að halda gengi innan vikmarka og skal fyrst nýta til þess eigin gjaldeyrisforða. Hægt er að fá stuðning frá sambandinu, ef á þarf að halda, og er þá nýtt eins konar ádráttarlína (e. very short term financing facility). Þær upphæðir sem samið hefur verið um til að verja vikmörk hafa verið mjög breytilegar. Í tilviki Danmerkur er upphæðin 0,3% af VLF en 1,9% í tilviki Lettlands. Miðað við 2% af VLF gæti upphæðin fyrir Ísland verið um 30 ma.kr., en hún er greinilega samningsatriði. Komi til þess að verja vikmörkin sjálf, kemur Seðlabanki Evrópu beint að málinu og inngrip hans eru í grundvallaratriðum sjálfkrafa og ótakmörkuð. Þó getur SBE hætt inngripum ef þau ógna verðstöðugleikamarkmiði hans.

Frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggðir í 63.-66. greinum sáttmálans um starfshætti ESB (TFEU) og falla undir EES-samninginn. Samkvæmt gerðum frá áttunda áratugnum fengu Írar, Frakkar og Bretar heimildir til þess að viðhalda ákveðnum fjármagnshöftum. Hins vegar gerir regluverkið nú ráð fyrir að fjármagnshöftum hafi verið lyft á skipulagðan hátt nokkru áður en ríki geta gengið í sambandið⁷. Við inngöngu ríkja í sambandið 2004 og 2007 var sett sem skilyrði að höftum yrði lyft fyrir inngöngu. Ríki á undanþágu, sem vinna að því að uppfylla skilyrðin, geta vænst fjárhagsaðstoðar ef þau lenda í vandræðum með greiðslujöfnuð samkvæmt reglugerð 332/2002.

Stofnsáttmáli um samvinnu seðlabanka í Evrópusambandinu (ESCB) gildir um þjóðbanka á evrusvæði og Seðlabanka Evrópu (SBE) en gert er ráð fyrir samvinnu við alla seðlabanka innan sambandsins. Einnig er gert ráð fyrir samvinnu seðlabanka aðildarríkja utan evrusvæðisins, sbr. umfjöllun um þennan samning undir helstu gerðir (nr. 5 og 6) hér á eftir.

Helstu gerðir:

5. Ályktun leiðtogaáðsins nr. 802/1997 um stofnun myntsamstarfs á þriðja stigi EMU Amsterdam 16. júní 1997. (31997Y0802(03), *Resolution of the European Council on the establishment of an exchange-rate mechanism in the third stage of economic and monetary union Amsterdam, 16 June 1997 (97/C 236/03)*).

Efni:

Gerðin er ályktun um að koma skuli á gengis(ákvörðunar)ferli sem setur ramma um samskipti og samstarf evruríkjanna við önnur aðildarríki og ríki utan bandalagsins. Í ályktuninni er m.a. talað um 15% vikmörk á gengi gjaldmiðla aðildarríkja utan evrusvæðisins, um að vaxtabreytingar verði megináhaldið sem notað verði til að halda gengishlutföllum í horfinu, að ákvarðanir um vexti og vikmörk verði teknar á fundum Seðlabanka Evrópu með ráðherrum og seðlabankastjórum frá evrusvæðinu og þátttökuríkjum utan þess. Fjallað er um þrengri vikmörk sem verði studd samkvæmt nánara samkomulagi og skammtímafjármögnun sem verði tiltæk eftir nánari reglum. Í þessari ályktun er aðildarlöndum gert að virða markmið um fjármál hins opinbera nærri jafnvægi eða afgangi. Gripið verði til nauðsynlegra aðgerða til þess að bregðast við ójafnvægi í rekstri hins opinbera þegar tillögur berast frá ráðinu í kjölfar skila ríkjanna á samleitniáætlunum. Ljúka þarf viðkomandi aðgerðum innan árs nema sérstaklega standi á. Önnur ákvæði eru að aðildarríki grípi til nauðsynlegra aðgerða ef vísbendingar berast um að skuldir hins opinbera verði of háar, ríkin grípi ekki til

⁷ Í 144. grein sáttmálans um starfshætti ESB (TFEU) er þó minnst á óljósar tímabundnar hömlur/höft þegar aðildarríki glímir við greiðslujafnaðarkreppu líkt og 43. gr. EES samningsins.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

undanþáguheimilda nema að árlegur samdráttur hagkerfisins verði yfir 0,75%. Framkvæmdastjórnin skili ástandsskýrslum þegar hætt er við of miklum hallarekstri eða skuldsetningu aðildarríkja. Ráðið skal sekta öll ríki sem gerast brotleg en beiti í fyrstu óvaxtaberandi bundinni innstæðu sem síðar geti breyst í sekt.

- 6. Samningur nr. 325/2006 frá 16. mars 2006 milli Seðlabanka Evrópu og þjóðbanka aðildarríkja utan evrusvæðisins um starfshætti gengissamstarfs á þriðja stigi Efnahags- og myntbandalagsins.** (32006X0325(01), *Agreement of 16 March 2006 between the European Central Bank and the national central banks of the Member States outside the euro area laying down the operating procedures for an exchange rate mechanism in stage three of Economic and Monetary Union (2006/C 73/08)*).

Efni:

Gerðin er samningur á milli Seðlabanka Evrópu og Seðlabanka aðildarlanda ESB utan evrusvæðisins í gengissamstarfi við bankann um vinnulag í þessu gengissamstarfi, það er ERM II. Til þessa samnings er vísað sem „Seðlabankasamningsins“ í öðrum gerðum. Hann virðist hafa grundvallarþýðingu fyrir ERM II og þess vegna fyrir Ísland strax eftir hugsanlega inngöngu í ESB. Hann er endurnýjuð útgáfa af upphaflegum samningi, sem gerður var 1998 við aðildarríki fyrir upptöku evrunnar. Fjallað er tiltölulega lauslega um ákvörðun og endurskoðun miðgengis ERM-mynta gagnvart evru, inngrip við og innan vikmarka, samráðs- og samkomulagsskyldu, fjármögnun, eftirlitsrétt- og skyldu Seðlabanka Evrópu o.fl. Tekið er fram að þátttaka í ERM II sé valkvæð, en ætla verði að aðildarríki á undanþágu gangist undir ERM II. Ríki á undanþágu eru samkvæmt orðasafni SBE ríki sem eru að búa sig undir upptöku evru, en uppfylla ekki enn skilyrðin. Danmörk og Bretland eru formlega undanþegin evru-upptöku og Svíþjóð hefur enn sem komið er frestað upptöku á evru þrátt fyrir sterka stöðu ríkisfjármála og gjaldmiðilsins.

- 7. Ákvörðun ráðsins nr. 415/1998 frá 29. júní 1998 um samráð innlendra yfirvalda við Seðlabanka Evrópu um lagafrumvörp.** (31998D0415, *Council Decision of 29 June 1998 on the consultation of the European Central Bank by national authorities regarding draft legislative provisions*).

Efni:

Ákvörðunin fjallar um skyldu aðildarríkja til að hafa samráð við Seðlabanka Evrópu vegna lagafrumvarpa sem fjalla um efni sem heyra undir starfssvið bankans. Þá kemur jafnframt fram að þegar ríki, sem ekki hafa tekið upp evru, gerast aðilar að 3. stigi EMU, þá skuli þau einnig hafa samráð við Seðlabanka Evrópu um lagafrumvörp sem snerta starfssvið bankans, s.s. gjaldmiðilsmál, greiðslumiðla, greiðslukerfi og greiðslujöfnuð, sem og reglur um fjármálastofnanir svo framarlega sem þær hafa raunveruleg áhrif á stöðugleika fjármálastofnana og markaði.

Áhrif:

Ákvörðunin gæti kallað á lagabreytingar komi til aðildar. Þetta varðar lög nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis en í ákvörðuninni er talað um innlend yfirvöld (e. national authorities) sem nær til fleiri aðila en Alþingis. Gera má ráð fyrir að stjórnvöld beri ábyrgð á slíku samráði. Slík samráðsskylda gæti verið álíka og varðandi svokallaðar tæknilegar reglur um vöru og farþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

3. Efnahagsstefna eftir upptöku evru

Í lok aðlögunarferils til upptöku evru er gengi fest varanlega og hafinn undirbúningur fyrir gjaldmiðlaskipti. Sérstakar undanþágur vegna viðskiptahalla og viðurlaga vegna halla á ríkisrekstri hverfa. Jafnframt hefst full þátttaka í stofnunum á borð við Seðlabanka Evrópu. Loks fæst aðgangur að nýstofnuðu evrópsku fjármálastöðugleikakerfi (e. European Financial Stabilisation Mechanism), sjá umfjöllun um gerð nr. 407/2010 (nr.8).⁸ Við evruupptökuna eru hlutafjárframlög greidd að fullu og framlög til gjaldeyrisforða reidd af hendi, sjá nánar í kafla um fjárhagsleg áhrif. Eftir að evra hefur verið tekin upp fer Seðlabanki Evrópu með sameiginlega peningastefnu og hefur fengið viðtækar heimildir til að framfylgja henni og beita til þess viðurlögum, ef þörf krefur. Stuðningur við gengi er að sjálfsögðu úr sögunni, enda er ábyrgð á evrunni fyrst og fremst hjá Seðlabanka Evrópu og yfirstjórn bandalagsins.

Mikilvægustu stjórnþæki Seðlabanka Evrópu eru markaðsaðgerðir, einkum endurhverf viðskipti með skuldabréf sem standast tiltekna kröfur Seðlabanka Evrópu. Slík viðskipti eru notuð til að styðja við lausafjárstöðu bankakerfa aðildarríkjanna og hafa áhrif á vexti. Þessi viðskipti eru undir stjórn og á ábyrgð Seðlabanka Evrópu, en þjóðbankarnir gegna lykilhlutverki í framkvæmd, og geta haft nokkurt frumkvæði, t.d. um daglán. Engu að síður ræðst það af reglum Seðlabanka Evrópu hvaða stofnanir fá aðgang að fyrirgreiðslu seðlabankakerfis Evrópu. Þá eru gerðar kröfur um hagskýrslugerð, upplýsingaöflun og viðskiptaumhverfi. Loks þurfa aðildarlöndin að taka upp greiðslukerfi og bókhalds- og uppgjörskerfi sem fullnægir kröfum bankans. Fjallað er nánar um þessi kerfi í fjórða hluta greinargerðarinnar. Eins og kemur fram í álitni utanríkismálanefndar Alþingis um þingsályktun um aðildarumsókn að ESB þá er líklega lítið svigrúm til að semja um undanþágur eða sérstaka meðhöndlun á evrusvæðinu. Undirbúningsferlið að upptöku evru gegnum þátttöku í ERM II er eitt mikilvægasta viðfangsefni samninga vegna 17. kafla.

Helstu gerðir:

- 8. Reglugerð ráðsins nr. 407/2010 frá 11. maí 2010 sem stofnar evrópska fjármálastöðugleikakerfið.** (32010R0407, Council Regulation (EU) No 407/2010 of 11 May 2010 establishing a European financial stabilisation mechanism).

Efni:

Með reglugerðinni er stöðugleikakerfið (EFSM) sett á fót. EFSM er lánasjóður framkvæmdastjórnarinnar til aðstoðar evruríkjum í fjárhagsvanda. Ríki sem sækjast eftir aðstoð þurfa að sýna fram á efnahagsáætlun á álíka hátt og gert er vegna fjárhagssaðstoðar til aðildarríkja sem ekki hafa tekið upp evru. Lán til Írlands og Grikklands í núverandi efnahagsvandræðum hafa m.a. komið í gegnum EFSM.

- 9. Reglugerð ráðsins nr. 2532/98 frá 23. nóvember 1998 um heimildir Seðlabanka Evrópu til að beita viðurlögum og reglugerð Seðlabanka Evrópu nr. 2157/1999 frá 23. september 1999 einnig um heimildir Seðlabanka Evrópu til að beita viðurlögum.** (31998R2532, Council Regulation (EC) No 2532/98 of 23 November 1998 concerning the powers of the European Central Bank to impose sanctions), (31999R2157, European Central Bank

⁸ Annar sjóður sem nýttur hefur verið samhliða við lánaþyrirgreiðslu til illra staddra evruríkja er European Financial Stabilisation Facility sem er sett upp með rammisamning og er ekki hluti gerða Evrópusambandsins: <http://www.efsf.europa.eu/about/legal-documents/index.htm>

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Regulation (EC) No 2157/1999 of 23 September 1999 on the powers of the European Central Bank to impose sanctions (ECB/1999/4).

Efni:

Markmið reglugerðanna er að gera SBE kleift að framfylgja verðstöðugleika á evrusvæðinu. Seðlabanka Evrópu er heimilt að beita þau fyrirtæki eða þá lögaðila sem ekki fara eftir reglugerðum eða ákvörðunum bankans viðurlögum, svo sem sektum og fótum. Reglugerðin tekur einungis til þeirra ríkja sem tekið hafa upp evru. Í seinni reglugerðinni er að finna frekari útfærslu á heimild SBE. Kveðið er á um þær meginreglur sem gilda við rannsókn á fyrirtækjum eða lögaðilum, og um gagnkvæma upplýsinga- og tilkynningarskyldu framkvæmdastjórnar Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna við rannsókn mála.

10. Reglugerð ráðsins nr. 2531/1998 frá 23. nóvember 1998 um lágmarks bindiskyldu Seðlabanka Evrópu og reglugerð Seðlabanka Evrópu (SBE) nr. 1745/2003 frá 12. september 2003 um álagningu lágmarks bindiskyldu. (31998R2531, Council Regulation (EC) No 2531/98 of 23 November 1998 concerning the application of minimum reserves by the European Central Bank), (32003R1745, Regulation (EC) No 1745/2003 of the European Central Bank of 12 September 2003 on the application of minimum reserves (ECB/2003/9).

Efni:

Reglurnar eru áþekkar þeim íslensku þar sem Seðlabankinn hefur við breytingar á reglum um bindiskyldu haft reglur SBE til hliðsjónar. Í reglum sem Seðlabanki Íslands setur er gert ráð fyrir 2% bindiskyldu en gert er ráð fyrir að setja megi bindiskyldu á bilinu 0%-10% í reglugerðinni.

Áhrif:

Reglurnar myndu ekki þýða mjög mikla breytingu frá núverandi framkvæmd, enda er bindigrunnur í íslensku reglunum nú þegar sá sami og hjá SBE.

11. Viðmiðunarreglur Seðlabanka Evrópu nr. 6/2002 frá 26. september 2002 um lágmarksstaðla Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarlandanna við framkvæmd peningastefnunnar, gjaldeyrisviðskipta í tengslum við stýringu gjaldeyrisforða Seðlabanka Evrópu og stýringu á erlendum eignum Seðlabanka Evrópu. (32002O0006, Guideline of the European Central Bank of 26 September 2002 on minimum standards for the European Central Bank and national central banks when conducting monetary policy operations, foreign exchange operations with the ECB's foreign reserves and managing the ECB's foreign reserve assets (ECB/2002/6).

Efni:

Í viðmiðunarreglum vegna innherjaviðskipta og viðskiptastaðla er fjallað um hvernig breyta eigi reglum aðildarríkjanna til samræmis við reglur Seðlabanka Evrópu um bann við innherjaviðskiptum. Auk þess er sagt hvernig skuli farið með gjafir og að forðast hagsmunaárekstra. Ákvörðunaraðilar og starfsmenn eru skyldaðir til að halda sig frá því að vera aðilar að nokkrum efnahagslegum eða fjármálalegum færslum sem geta hindrað sjálfstæði þeirra og hlutleysi. Þeir eiga enn fremur að reyna að komast hjá aðstæðum sem eru líklegar til þess að leiða til hagsmunaárekstra. Í reglunum eru settir fram lágmarksstaðlar sem seðlabankar aðildarlandanna þurfa að fara eftir eigi þeir viðskipti í umboði Seðlabanka Evrópu.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Áhrif:

Breyta þyrfti lögum og reglum Seðlabankans til samræmis við efni viðmiðunarreglna um lágmarksstaðla Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarlandanna við framkvæmd peningastefnunnar, gjaldeyrisviðskipta í tengslum við stýringu gjaldeyrisforða Seðlabanka Evrópu og stýringu á erlendum eignum Seðlabanka Evrópu. Í því sambandi þyrfti t.d. að innleiða reglur SBE um bann við innherjaviðskiptum, reglur um gjafir til starfsmanna og reglur um hagsmunaárekstur. Í raun yrði breytingin ekki endilega svo mikil frá því sem nú er enda Seðlabankinn með innri reglur um innherjaviðskipti, gjafir, hagsmunaárekstra og fleira af því tagi.

12. Ályktun leiðtoga ráðsins nr. 202/1998 frá 13. desember 1997 um samhæfingu efnahagsaðgerða á þriðja stigi evrópska myntsamstarfsins og um 109 gr. og 109b gr. í samningi Evrópusambandsins. (109. gr. er nú 131. gr. í sáttmálanum um starfshætti ESB (TFEU)). (31998Y0202(01), *Resolution of the European Council of 13 December 1997 on economic policy coordination in stage 3 of EMU and on Treaty Articles 109 and 109b of the EC Treaty (98/C 35/01)*).

Efni:

Gerðin er ályktun leiðtoga ráðsins (European Council) sem fjallar um samhæfingu á þriðja stigi Evrópusamstarfsins - eftir Amsterdamsáttmálann. Peningamálastefna og gengi verða sameiginleg á evrusvæðinu, og mikil tengsl við aðildarþjóðir utan evrusvæðisins. Til að koma í veg fyrir misgengi og árekstra verður fylgst náið með hreyfingu þjóðhagsstærða, þar á meðal fjárhag hins opinbera, gerð og uppbyggingu vinnumarkaða, vöru- og þjónustumarkaða, þróun verðlags og skattkerfisumbótum. Allt skal þetta gert með fullu tilliti til dreifræðis og sjálfstæðis aðildarríkja, sjálfstæðis seðlabanka, hlutverks ECOFIN ráðsins, þjóðhefða og þekkingar og ábyrgðar sem fyrir hendi er hjá aðilum vinnumarkaðarins. Framkvæmdastjórninni er uppálagt að veita aðhald með sérstakri áherslu á fyrirbyggjandi atriði (e. early warning) og setja fram viðmiðunarreglur (e. guidelines). Gefið er undir fótinn með inngríp á gjaldeyrismörkuðum utan ESB, en í undantekningartilvikum. Lögð er áhersla á sjálfstæði aðildarríkja í efnahagsmálum öðrum en peninga- og gengismálum, þó að teknu tilliti til sameiginlegra hagsmuna. Loks er fjallað um samskipti framkvæmdastjórnarinnar og SBE þar sem lögð er áhersla á sjálfstæði bankans.

13. Viðmiðunarreglur Seðlabanka Evrópu nr. 7/2000 frá 31. ágúst 2000 um peningastjórnunartæki og verklag evrópska seðlabankakerfisins á Evrusvæðinu. (32000O0007, *Guideline of the European Central Bank of 31 august 2000 on monetary policy instruments and procedures of the eurosystem (ECB/2000/7) (2000/776/ECB)*).

Efni:

Gerðin inniheldur viðmiðunarreglur eða handbók Seðlabanka Evrópu um tæki peningastefnunnar og verklag evrópska seðlabankakerfisins. Í handbókinni er fjallað all ítarlega um markmið evrópska seðlabankakerfisins á evrusvæðinu. Er farið í talsverðum smáatriðum ofan í aðgerðir og verklag seðlabankakerfisins, gagnaðila þess í viðskiptum, eignir sem tækar eru í viðskiptum kerfisins við ytri aðila, hvaða kröfur eru gerðar til ytri aðila í mismunandi viðskiptum og fjölmargt fleira.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Áhrif:

Gerðin á að langmestu við evrusvæðið, því er efni hennar ekki eins yfirvofandi og Seðlabankasamningurinn og samhæfingarályktunin. Viðmiðunarreglurnar yrðu hins vegar mjög mikilvægar í starfi Seðlabanka Íslands við upptöku evrunnar.

14. Viðmiðunarreglur Seðlabanka Evrópu nr. 16/2006 frá 10. nóvember 2006 um lagaramma fyrir bókhald og reikningsskil í seðlabankakerfi Evrópu. (32006O0016, *Guideline of the European Central Bank of 10 November 2006 on the legal framework for accounting and financial reporting in the European System of Central Banks (ECB/2006/16)*).

Efni:

Viðmiðunarreglur þessar kveða á um samhæfingu árlegra reikningsskila seðlabanka aðildarríkjanna að því er varðar eftirfarandi atriði: Birtingu upplýsinga varðandi evruseðla í umferð, þóknun vegna hreinna krafna/skulda innan evrukerfis vegna úthlutunar evruseðla innan evrukerfisins og peningatekjur. Viðmiðunarreglurnar greina sig frá fyrri viðmiðunarreglum um svipað efni að því leyti að seðlabankakerfi Evrópu mun nota nálgun sem byggist á efnahagslegum forsendum til að skrá gjaldeyriskaup, fjármálagerninga í erlendri mynt og tengdri uppsöfnun. Önnur grein viðmiðunarreglnanna takmarkar gildissviðið við bókhald og reikningsskil innan evrukerfisins.

4. Gagnaöflun fyrir Evrópusambandið, greiðslu- og uppgjörskerfi, gjaldmiðlaskipti

Evrópusambandið gerir miklar kröfur um vinnslu hagskýrslna um peningamál, greiðslujöfnuð og fjármál. Í 17. kafla er fjallað ítarlega um gagnaöflun, staðla því viðkomandi og skipti á upplýsingum. Sú gagnasöfnun heyrir í flestum tilfellum nú þegar undir EES-samninginn. Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) sér um að innlend yfirvöld myndi samræmt net sem myndar evrópska hagskýrslukerfið (ESS) til að tryggja að hagskýrslur liggi tímanlega fyrir og þjóni stefnumiðaðri hagskýrsluþörf Evrópusambandsins. Seðlabankinn hefur ekki verið í miklu samstarfi við Hagstofu Evrópusambandsins en gögn frá Seðlabankanum hafa verið nýtt af Hagstofu Íslands í þeirra hagtölugerð sem síðar hafa svo verið send til Hagstofu Evrópusambandsins. Hagstofan hefur tekið virkan þátt í því samstarfi í samræmi við EES-samninginn og starfar eftir evrópskum stöðlum varðandi þá þætti sem vísað er til í 17. kafla, þ.e. samræmdrar vísitölu neysluverðs og þjóðhagsreikninga.

Auknar kröfur verða gerðar til söfnunar upplýsinga, hagskýrslugerðar og úrvinnslu vegna aðildar að Evrópusambandinu og myntsamstarfinu. Hagstofa Evrópusambandsins og Seðlabanki Evrópu stýra upplýsingaöflun fyrir sambandið. Hagtölur greiðslujafnaðar og upplýsingar um peningamál fjármálafyrirtækja og markaða eru upplýsingasvið sem meðal annars þarf að efla hér á landi. Gera má ráð fyrir talsverðum kostnaði og auknum mannafla til að uppfylla kröfur um gagnaöflun og hagskýrslugerð.

Á evrusvæði er notað stórgreiðlukerfið Target2. Gera má ráð fyrir talsverðum kostnaði við það og aðlögunartíma. Þegar er hafin vinna við tengingu við verðbréfhhluta kerfisins, en sá hluti er opinn fyrir lönd utan evrusvæðisins. Einnig þarf að breyta bókhalds- og uppgjörskerfi Seðlabanka Íslands að kröfum sambandsins. Rétt er að kanna möguleika á fjárhagsaðstoð frá sambandinu vegna innleiðingar þessara kerfa.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Í 17. kaflanum eru fyrirmæli er lúta að undirbúningi og framkvæmd gjaldmiðlaskipta vegna upptöku evru auk eftirfylgni til að tryggja öryggi og notagildi gjaldmiðilsins. Við gjaldmiðilsskipti þarf að framleiða seðla og mynt og við þá framleiðslu þarf að uppfylla ákveðna öryggis- og gæðastaðla. Það þarf að flytja reiðufé á milli staða og dreifa reiðufé fyrirfram til aðila sem setja reiðufé í umferð. Við gjaldmiðilsskipti þarf einnig að vera ákveðin umgjörð og rammi til að ráða við innköllun eldra reiðufjár. Til þess að viðhalda trúverðugleika gjaldmiðils, leggja seðlabankar mikla áherslu á öryggi og gæði seðla í umferð. Trúverðugleika er einnig viðhaldið með því að seðlabankar innleysa skemmda seðla og gamla seðla. Auk þess er trúverðugleika viðhaldið með öflugri baráttu gegn fölsunum, og með því að koma í veg fyrir að eftirmyndir af seðlum og mynt séu utan regluramma svo sem höfundarréttar. Seðlabanki Íslands gerir nú þegar svipaðar kröfur og ætti ekki að vera erfitt að gangast undir regluverk ESB í þessu efni. Innan bankans er jafnframt nokkur reynsla af gjaldmiðilsskiptum. Á Íslandi er greiðslumiðlun háþrúð og notkun rafrænna viðskipta útbreidd. Þetta leiðir m.a. til þess að notkun reiðufjár á Íslandi er lítil miðað við nágrannalöndin. Þessi staðreynd, auk þess að Ísland er lítið land, gerir það að verkum að gjaldmiðilsskipti á Íslandi ættu að vera tiltölulega auðveld. Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna seðlaprentunar og myntsláttu lækki með upptöku evru vegna stærðarhagkvæmni.

Helstu gerðir:

15. Viðmiðunarreglur Seðlabanka Evrópu nr. 15/2004 frá 16. júlí 2004 um hagtölur greiðslujafnaðar, erlendrar stöðu og gjaldeyrisforða. (32004O0015, *Guideline of the European Central Bank of 16 July 2004 on the statistical reporting requirements of the European Central Bank in the field of balance of payments and international investment position statistics, and the international reserves template (ECB/2004/15) (2004/808/EC)*).

Efni:

Reglugerð nr. 184/2005 um greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og erlenda fjárfestingu hefur verið tekin upp í EES samninginn. Gögn um greiðslujöfnuð þarf að senda mánaðarlega en uppgjör greiðslujafnaðar hefur einungis verið ársfjórðungslega á Íslandi. Jafnframt eru gerðar meiri kröfur til ársfjórðungslegra talna um greiðslujöfnuð og árlegra talna um erlenda stöðu þjóðarþúsins hvað varðar myntskiptingu og landaskiptingu en er nú fyrir hendi. Þá er farið fram á skiptingu milli skráðra og óskráðra fyrirtækja í beinni erlendri fjárfestingu sem ekki er fyrir hendi í gögnum Seðlabankans. Í 6. gr. viðmiðunarreglnanna er sérstaklega kveðið á um að hagskýrslugerð um verðbréfafjárfestingu verði að aðlagast viðteknu verklagi. Samkvæmt viðmiðunarreglum er frumskilyrði að gögnum verði safnað ársfjórðungslega með svokallaðari „verðbréf-fyrir-verðbréf“ (e. security-by-security) aðferð. Í því skyni er nauðsynlegt að notast við miðlægan verðbréfigagnagrunn (e. centralised securities data base).

Áhrif:

Þörf er á kostnaðarmati vegna uppsetningar á miðlægum gagnagrunni. Gera má ráð fyrir að sérsníða þurfi hugbúnað vegna verksins.

16. Reglugerð ráðsins nr. 2533/98 frá 23. nóvember 1998 um gagnasöfnun Seðlabanka Evrópu vegna hagtölugerðar. (31998R2533, *Council Regulation (EC) No 2533/98 of 23 November 1998 concerning the collection of statistical information*).

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Efni:

Markmiðið með reglugerðinni er að útvega Seðlabanka Evrópu nægjanleg gögn til að búa til heildarmynd af þróun peningamála í aðildarríkjum evru. Aðildarlöndum er skylt að skipuleggja hagtölugerð sína í samræmi við þarfir og í fullu samstarfi við seðlabankakerfi Evrópu (ESCB). Seðlabanka Evrópu er heimilt að setja reglur um gagnasöfnun á hans vegum. Reglugerðin heimilar einnig Seðlabanka Evrópu – í samvinnu við seðlabanka aðildarlanda evrusvæðis – að staðreyna gæði gagna og framkvæma gagnasöfnun. Ef grunur er um brot á reglum hefur Seðlabanki Evrópu – með aðstoð seðlabanka aðildarríkis – heimild til að fara á vettvang og skoða bækur skilaðila, taka afrit af þeim, fara fram á skil skjala og skriflegar eða munnlegar útskýringar. Seðlabanka Evrópu er einnig heimilt að leggja á sektir ef gögnum er ekki skilað innan tilskilins tímafrests eða þau eru ófullgerð eða röng.

17. Viðmiðunarreglur Seðlabanka Evrópu nr. 9/2007 frá 1. ágúst 2007 um hagtölur peningamála, fjármálafyrirtækja og markaða.

(32007O0009 Guideline of the European Central Bank of 1 August 2007 on monetary, financial institutions and markets statistics (recast) (ECB/2007/9) (2007/830/EC)).

Efni:

Viðmiðunarreglurnar taka saman hvaða gögn þarf að senda Seðlabanka Evrópu um peningamál, fjármálageirann og fjármálamarkaði.

Áhrif:

Seðlabanki Íslands þarf að aðlaga talsvert af gögnum að sundurliðunum og skilgreiningum Seðlabanka Evrópu, einkum m.t.t. landaskiptingar, mótaðilaflokkunar og greiningar á eftirstöðvatíma eigna og skulda. Einnig þarf að reikna út hreyfingar milli mánaða, leiðréttar fyrir endurmati, endurflokkunum og gengisleiðréttingum en slíkt hefur ekki verið hluti af hagtölugerð Seðlabankans.

18. Viðmiðunarreglur Seðlabanka Evrópu nr. 7/2002 frá 21. nóvember 2002 um ársfjórðungslega fjármálareikninga.

(32002O0007 Guideline of the European Central Bank of 21 November 2002 on the statistical reporting requirements of the European Central Bank in the field of quarterly financial accounts).

Efni:

Viðmiðunarreglurnar fjalla um að seðlabankar evrusvæðis skuli senda Seðlabanka Evrópu ársfjórðungsleg gögn fyrir fjármálalegar eignir og skuldir.

Áhrif:

Seðlabankinn hefur hafið vinnu við gerð fjármálareikninga í samvinnu við Hagstofu Íslands. Gögn skulu ná aftur til fjórða ársfjórðungs 1997, en erfitt verður að vinna gögn upp aftur til þess tíma þar sem þau hafa tekið talsverðum breytingum á tímabilinu. Núverandi vinna miðar við gögn aftur til ársins 2003.

19. Reglugerð Seðlabanka Evrópu nr. 63/2002 frá 20. desember 2001 um tölfraði inn- og útlánsvaxta gagnvart heimilum og fyrirtækjum (annarra en fjármálastofnana).

(32002R0063, Regulation (EC) no 63/2002 of the

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

European Central Bank of 20 December 2001 concerning statistics on interest rates applied by monetary financial institutions to deposits and loans vis-à-vis households and non-financial corporations (ECB/2001/18)).

Efni:

Reglugerðin fjallar um mánaðarlega gagnasöfnun innláns- og útlánavaxta frá innlánsstofnunum til heimila og fyrirtækja, á nýjum lánum annars vegar og á stöðu þeirra hins vegar, skipt eftir tímalengd. Markmið reglugerðarinnar er að upplýsa Seðlabanka Evrópu um vaxtafót evrulána, inn- og útlán eftir lánstíma og breytingu þeirra frá einum tíma til annars.

Áhrif:

Bæta þarf við og breyta núverandi gagnasöfnun Seðlabankans um inn- og útlánsvexti innlánsstofnana til samræmis við skilgreindar kröfur Seðlabanka Evrópu.

20. Ákvörðun Seðlabanka Evrópu nr. 7/2007 frá 24. júlí 2007 um skilmála og skilyrði stórgreiðslukerfisins Target2-ECB. (32007D0007, Decision of the European Central Bank of 24 July 2007 concerning the terms and conditions of TARGET2-ECB (ECB/2007/7) (2007/601/EC)).

Efni:

Target2 stórgreiðslukerfið er miðlægt greiðslu- og uppgjörskerfi í eigu Seðlabanka Evrópu (SBE). Tilgangur kerfisins er að auka öryggi í greiðslumiðlun og styrkja sameiginlega framkvæmd peningastefnu evrusvæðisins. Skilgreind eru skilyrði fyrir þátttöku og skilmála henni tengdri. Um er að ræða tvö kerfi; stórgreiðslukerfi evrulanda Target2 annars vegar og áform um nýtt miðlægt verðbréfauppgjörskerfi Target2-Securities (T2S) hins vegar. Stórgreiðslukerfið Target2 er í dag eitt stærsta greiðslukerfi heims og aðild að því eiga þau ríki sem eru með evru. Seðlabankar aðildarríkja sem hafa eigin gjaldmiðil (s.s. Danmörk, Bretland og Svíþjóð) eiga þess jafnframt kost að tengjast Target2 stórgreiðslukerfinu. Öðrum ríkjum, þar á meðal EES ríkjunum, stendur hins vegar ekki til boða bein aðild að kerfinu. Aðild að þessu kerfi, með beinum eða óbeinum hætti er hins vegar mjög þýðingarmikil hvað varðar öryggi og skilvirkni greiðslumiðlunar yfir landamæri. Ólíklegt er að Íslandi bjóðist þátttaka í Target2 nema til ESB aðildar komi. Áform SBE um uppbyggingu og þróun miðlægs verðbréfauppgjörkerfis (T2S) opnar þó e.t.v. tiltekna aðkomu að Target2 eða að minnsta kosti T2S vegna þess að SBE leggur ríka áherslu á að lönd utan evrusvæðisins (Danmörk, Bretland, Ísland, Noregur, Pólland, Svíþjóð og Sviss) verði þátttakendur.

Áhrif:

Fyrir Ísland er það mikið hagsmunamál að ná tengingu við þessi kerfi, bæði út frá sjónarmiðum öryggis og skilvirkni. Aðgangur að slíkum innviðum er jafnframt þýðingarmikill þáttur í að byggja upp á ný trúverðugleika og traust á íslenskum fjármálamarkaði séð frá sjónarhóli þeirra sem utan landsins standa. Umtalsverður kostnaður getur falist í undirbúningi sem fallið getur á stjórnvöld og fyrirtæki á fjármálamarkaði. Fyrr eða síðar þarf þó að huga að þessum þáttum hér á landi, jafnvel þó svo að ekki komi til ESB aðildar. Undirbúningur fyrir slíka tengingu er í raun sameiginlegt hagsmunamál ESB og Íslands. Með vísan til stöðu mála nú mætti ef til vill fara í samstarf við SBE um þessi mál og hugsanlega fá fjárhagslegan styrk frá ESB til að endurbæta núverandi íslenska innviði (stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands og

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfaskráningar Íslands) þannig að þau geti átt hnökralaus samskipti við innviði ESB.

21. Viðmiðunarreglur Seðlabanka Evrópu nr. 2/2010 frá 21. apríl 2010 um verðbréfauppgjörskerfið TARGET2 - verðbréf. (32010O0002 Guideline of the European Central Bank of 21 April 2010 on TARGET2-Securities (ECB/2010/2) (2010/272/EU)).

Efni:

Viðmiðunarreglur varðandi frekari útfærslu á áformuðu verðbréfauppgjörskerfi (T2S) með mögulegri þátttöku seðlabanka utan evrusvæðis. Skilgreiningar, lýsing á tæknilegri uppbyggingu, skipulagi, stjórnun kerfisins, þóknagjaldskrá og mögulegri þátttöku seðlabanka utan evrusvæðis (seðlabankar Englands, Danmerkur, Íslands, Noregs, Póllands, Sviss og Svíþjóðar).

5. Fyrirhugaðar umbætur á stjórn efnahagsmála innan sambandsins

Verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á umgjörð efnahagsmála innan Evrópusambandsins. Breytingarnar miða að því að bæta samhfæingu efnahagsstefnu aðildarríkjanna, varðandi bæði fjármál hins opinbera og þjóðhagslegt jafnvægi.

Aðgerðir árið 2010

Fjórar mikilvægar gerðir voru þegar samþykktar árið 2010 á þessu sviði: a) reglugerð ráðsins nr. 1096/2010 frá 17. nóvember 2010, þar sem Seðlabanka Evrópu var færð ábyrgð á ákveðnum þætti varðandi starfsemi *European Systemic Risk Board*, b) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 varðandi yfirsýn Evrópusambandsins á sviði þjóðhagsvarúðar (e. macro-prudential) fjármálakerfisins og stofnun *European Systemic Risk Board*, c) tillaga ráðsins frá 13. júlí 2010 um breiðar meginlínur varðandi efnahagsstefnu aðildarríkjanna, og d) reglugerð ráðsins nr. 407/2010 frá 11. maí 2010 varðandi stofnun *European financial stabilisation mechanism* (EFSM).

Breytingar á sáttmála Evrópusambandsins

Evrópusambandið stefnir að því að ganga mun lengra á þessu sviði árið 2011. Leiðtogaráðið samþykkti 16. desember 2010 að breyta ætti sáttmálanum um starfshætti ESB til þess að hægt væri að stofna varanlega umgjörð um viðbrögð við áföllum – *European Stability Mechanism*. Leiðtogaráðið var sammála að bæta ætti eftirfarandi málsgrein við 136. grein sáttmálans: „Aðildarríkin sem hafa evru sem gjaldmiðil mega stofna umgjörð um stöðugleika til þess að tryggja stöðugleika evrusvæðisins í heild. Veiting fjárhagsaðstoðar samkvæmt þessari umgjörð verður gegn ströngum skilyrðum.“ Breytingin var ákveðin á fundi leiðtogaráðsins 24. og 25. mars sl. og mun taka gildi 1. janúar 2013, að því gefnu að hún hafi verið samþykkt formlega af öllum aðildarríkjum sambandsins.

Fyrirhugaðar lagabreytingar

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins birti 29. september 2010 sex nýjar tillögur að aðgerðum til þess að styrkja efnahagslega umgjörð Evrópusambandsins. Ráðið og Evrópuþingið stefna að því að komast að samkomulagi varðandi breytingarnar í júní 2011. Tillögurnar voru eftirfarandi:

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska lögjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

- **Reglugerð um styrkingu eftirlits með stöðu fjármála hins opinbera og eftirlit og samræmingu efnahagsstefnu (breytingar á reglugerð 1466/97).** Bæta á eftirlit með útgjöldum hins opinbera. Samkvæmt tillögunum væri framkvæmdastjórninni einnig heimilt að gefa út viðvaranir ef opinber fjármál í evruríki eru í verulegu ósamræmi við ábyrg opinber fjármál.
- **Reglugerð um framkvæmd aðgerða vegna of mikils halla á rekstri hins opinbera (breyting á reglugerð 1467/97).** Breytingin gerir ráð fyrir auknu eftirliti með þróun skulda aðildarríkjanna og er skuldastöðu veitt sama staða í ferlinu og halli á rekstri hins opinbera. Breytingin er mikilvægur þáttur í þeirri þróun sem orðið hefur í kjölfar vandræða á evrusvæðinu þar sem skuldastaða hins opinbera hefur fengið aukið vægi. Gert er ráð fyrir að aðildarríki sem eru með skuldir umfram 60% af landsframleiðslu grípi til aðgerða til að draga úr skuldunum á ásættalegum hraða – skilgreint sem samdráttur skulda upp á 1/20 af mismuninum af skuldum hins opinbera og 60% viðmiðuninni sl. 3 ár. Í tilfalli Íslands gæti þessi regla þýtt að ef skuldir við inngöngu í sambandið verða um 75% af landsframleiðslu þurfi að draga úr þeim sem nemur 0,75% af landsframleiðslu á ári.
- **Reglugerð um skilvirka beitingu eftirlits með fjármálum hins opinbera innan evrusvæðisins.** Til þess að styrkja framkvæmd sáttmálans um stöðugleika og hagvöxt á að styrkja umgjörð um refsingar fyrir evruríkin ef þau uppfylla ekki skuldbindingar sínar. Ef evruríki reka stefnu í opinberum fjármálum sem fer í meginatriðum gegn ábyrgri stefnu á því sviði gæti viðkomandi ríki verið krafið um greiðslu upphæðar sem bera myndi vexti. Ef ríki er talið hafa brotið skuldbindingar sínar um of mikinn halla á fjármálum hins opinbera þyrfti viðkomandi ríki að greiða 0.2% af landsframleiðslu. Greiðslan breytist í sekt ef ríkið breytir ekki um stefnu á þessu sviði. Til þess að tryggja framkvæmd þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að aukinn meirihluta þurfi í ráðinu til þess að hægt verði að hafna tillögu framkvæmdastjórnarinnar um að ríki sé beitt viðurlögum. Þar sem viðurlögin gilda aðeins um evruríkin munu þau ein fá að greiða atkvæði um tillögur framkvæmdastjórnarinnar um viðurlög.
- **Tilskipun um kröfur vegna umgjörðar opinberra fjármála aðildarríkjanna.** Stefnt er að því að í tillögunni verði settar fram lágmarkskröfur um varðandi umgjörð fjármála hins opinbera, t.d. varðandi uppgjörskerfi, hagtolur, spágerð, fjármálareglur, framkvæmd fjárlaga (e. budgetary procedures) og fjármálaleg samskipti við lægra sett stjórnvöld (t.d. sveitarfélög).
- **Reglugerð um fyrirbyggingu og leiðréttingu þjóðhagslegs ójafnvægis.** Með þessari reglugerð er ESB að færa sig inn á nýtt svið. Í reglugerðinni felst reglubundið eftirlit með hvort hætta sé á þjóðhagslegu ójafnvægi innan aðildarríkjanna samkvæmt fyrirfram tilgreindum viðmiðunum – svokallaðri stigatöflu eða einkunnaspjaldi (scoreboard). Á grundvelli þess mun framkvæmdastjórnin hefja dýpri greiningu á stöðu þeirra aðildarríkja sem helst eru talin í hættu og skilgreina undirliggjandi vanda. Fyrir aðildarríki sem standa frammi fyrir verulegu ójafnvægi eða ójafnvægi sem ógnar starfsemi efnahags- og myntbandalagsins getur ráðið gefið út tillögur og hafið aðgerðir vegna of mikils ójafnvægis (e. excessive imbalances procedure). Ætlast er til að viðkomandi ríki leggi fram áætlun um hvernig draga megir úr ójafnvæginu sem samþykkt verði af ráðinu, sem ákveður tímaviðmið fyrir umbótaáætlunina.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

- **Reglugerð um eftirfylgni til þess að tryggja framkvæmd aðgerða vegna of mikils þjóðhagsójafnvægis.** Stefnt er að því að eftirfylgnin með aðgerðum vegna mikils þjóðhagsójafnvægis muni líkjast aðgerðum vegna ójafnvægis í fjármálum hins opinbera. Þau ríki sem fara ekki eftir tillögum ráðsins til að draga úr of miklu ójafnvægi þurfa að greiða árlega sekt sem nemur 0,1% af landsframleiðslu (16 ma.kr. miðað við núverandi landsframleiðslu Íslands). Líkt og með sektir vegna fjármála hins opinbera er gert ráð fyrir að ákvörðun um sekt verði samþykkt nema að aukinn meirihluti evruríkja leggist gegn henni.

Áhrif kafla

Helstu lagabreytingar

Allmargar breytingar þarf að gera á lögum (sjá nánar um einstaka gerð að framan) en ekki er að sjá neina alvarlega árekstra við núgildandi íslensk lög. Breytingarnar snerta einkum lög um Seðlabanka Íslands. Einnig þarf að móta umgjörð og markmið opinberra fjármála í samræmi við kröfur sambandsins, hugsanlega með mótun skýrrar fjármálareglu fyrir hið opinbera. Reglugerðir Evrópusambandsins og Seðlabanka Evrópu hafa bein réttaráhrif hér á landi við inngöngu án þess að taka þurfi efni þeirra upp í íslenskan rétt og virðast ekki nein lagaleg vandamál vera vegna þeirra. Meginverkefni er að ákveða þá stefnu í peningamálum sem fylgt verður við inngöngu í ERM II með upptöku evru sem langtíamarkmið.

ESB gerir meiri kröfur til sjálfstæðis seðlabanka aðildarríkja en gerðar eru hérlandis, eins og bent var á í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB í febrúar 2010. Tryggja þarf sjálfstæði seðlabankans innan stjórnkerfisins og styrkja stöðu hans. Tryggja þarf stofnanalegt sjálfstæði bankans þar sem núverandi tilhögun bankaráðs er með þeim hætti að hætta er á pólitískum áhrifum við ákvarðanatökur. Þá þarf að styðja við fjárhagslegt sjálfstæði bankans t.d. við gerð fjárhagsáætlunar og með skýrari bókhaldsreglum. Jafnframt þarf að skerpa á því í lögum um Seðlabankann að bankinn styður ekki við ógjaldfærar fjármálastofnanir nema í þeim tilvikum sem bankinn telst vera milliliður fyrir ríkið.

Komi til aðildar að ESB og markmiðið sett á upptöku evru þarf að gera breytingar á reglum um bindiskyldu, rammaeglum um viðskipti við fjármálafyrirtæki og siðareglum starfsmanna sem eiga í viðskiptum fyrir hönd seðlabanka aðildarríkja. Þar að auki þyrfti að gera allmiklar breytingar til að efla gagnaöflun Seðlabankans og Hagstofu. Þá þarf einnig að gera breytingar á stórgreiðslukerfi Seðlabankans og bókhalds- og uppgjörskerfi hans. Nánari greining á þessum atriðum stendur yfir

Fjárhagsleg áhrif

Þátttaka í samstarfi Evrópusambandsins á sviði efnahags- og peningamála mun kalla á aukna þekkingu á málefnasviðum sambandsins í viðkomandi ráðuneytum og stofnunum. Þátttaka í starfi nefnda og vinnuhópa mun kalla á aukin ferðalög og er mikilvægt að velja úr þær nefndir sem hafa mest áhrif eða fjalla mest um hagsmuni Íslands.

Hafa ber í huga að innganga í ESB og upptaka evru munu þýða verulega aukningu útgjalda vegna hagtölugerðar, bæði fyrir Seðlabanka Íslands og skýrsluskilaaðila. Gagnaskil til Seðla-

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

banka Evrópu munu hafa í för með sér nokkurn kostnað meðan verið er að aðlaga gagnasöfnun og vinnuferla að skilgreiningum hans og kröfum ásamt því að aðlaga og þróa upplýsingakerfi. Ljóst er að fjölga þarf starfsmönnum við hagtölugerð og fjármagna breytingar á upplýsingakerfum. Jafnframt fylgir því talsverður kostnaður að taka upp stórgreiðslukerfi sambandsins (Target2). Á móti kemur veruleg hagræðing og einföldun á stórgreiðslukerfinu miðað við núverandi fyrirkomulag auk þess sem viðskipti og greiðsluflæði verða einfaldari og skilvirkari.

Við inngöngu í ERM II og síðar í evrusvæðið þyrfti að leggja fram hlutafé í Seðlabanka Evrópu. Miðað við hagtölur síðustu ára myndi Ísland þurfa að reiða fram hlutafé þannig að hlutfall af heildarhlutafé næmi meðaltali hlutar í heildarlandsframleiðslu og hlutar í mannfjölda Evrópusambandsins. Reiknaður höfuðstóll Seðlabanka Evrópu var um 5,8 ma.€ í ársbyrjun 2009.⁹ Gera má ráð fyrir að hlutur Íslands yrði um 0,07% eða um 625 m.kr. á genginu €/kr 155. Ríki í ERM II utan evrusvæðis hafa greitt 7% af heildarframlagi þannig að við inngöngu Íslands í ERM II yrði slík greiðsla væntanlega um 44 m.kr. Greiddur er arður af framlaginu, í hlutfalli við afkomu bankans eftir framlag í varasjóð.

Við upptöku evru þyrfti jafnframt að leggja gjaldeyriseignir til Seðlabanka Evrópu. Inngreiðslan er samkvæmt sömu hlutföllum og hlutafjárframlagið. Gjaldеyriseignir SBE um síðustu áramót námu 48 má.€. Eftir því yrði 0,07% hlutur Íslands um 33,5 m.€ eða 5,2 ma.kr. á genginu 155 kr/€. Af forðaframlaginu eru greiddir endurkaupavextir Seðlabanka Evrópu. Hlutafjárframlagið myndi ekki valda íslenska ríkinu vanda, og forðaframlagið er innan við 1% af gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands eins og hann er um þessar mundir. Á móti greiðslu hlutafjár og gjaldeyriseigna til SBE kemur annars vegar hlutdeild bankans og hins vegar vaxtagreiðsla af gjaldeyrisframlagi. Árið 2008 nam hagnaðarhlutdeild þjóðbankanna tæpum 3% af 35% af inngreiddu hlutafé, en tæpum 35% árið 2009 og rúmum 3% 2010.¹⁰ Árið 2010 voru hins vegar 654 m. evra tekjur SBE af seðlaútgáfu og 438 m. evra tekjur af verðbréfavíðskiptum lagðar í varasjóði vegna áhættu, en það mun vera óvenjulegt. Hefðu þessar tekjur komið til úthlutunar með hagnaði, hefði arðshlutfallið orðið tæp 24%. Því virðist ekki óvarlegt að ætla að arðhlutfallið gæti orðið a.m.k. 5-10% að meðaltali og hlutur Íslands eftir því 30-60 m.kr. Til samanburðar var margfeldi veðlávaxta Seðlabanka Íslands og seðla og myntar í umferð 2,1 ma.kr. 2007, 2,8 ma.kr. 2008, 3,4 ma.kr. 2009 og 2,4 ma.kr. 2010.

Vextir af gjaldeyriseignum eru í ársskýrslu 2009 sagðir ákveðnir jafnir nýjustu vöxtum í aðalendurkaupavíðskiptum Seðlabanka Evrópu. Þeir hafa að undanförmu verið 1%, sem er afarlágt í sögulegu samhengi. Samkvæmt greiðslum og stofni í ársreikningi 2009 voru þeir um 1,1% árið 2009 en 3,5% 2008. Miðað við 1% viðmiðunarvexti má ætla tekjur af framlagi Íslands um 50 m.kr. á ári en 100 m.kr. miðað við 2% vexti.

EES og Schengen

Nokkrar gerðir falla undir EES-samninginn og hafa verið innleiddar hér á landi án sérstakra undanþága. Ein slík gerð er nú í innleiðingarferli (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 961/2008 um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reiknisskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila). Í lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð segir að Hagstofan skuli m.a.

⁹ Sjá ársskýrslu SBE 2009 einkum bls. 220.

¹⁰ Sjá ársskýrslu SBE 2009, einkum bls. 204 og 220.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

forgangsraða verkefnum með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins. Hagstofa Íslands tekur ásamt öðrum hagstofum EFTA-ríkjanna fullan þátt í evrópska hagskýrslusamstarfinu á grundvelli EES-samningsins.

Alþjóðasamningar sem eiga undir kaflann

Engir sem vitað er um.

ESB stofnanir, nefndir og sjóðir sem eiga undir kaflann

Seðlabanki Evrópu fellur undir kaflann en einnig evrópskur aðlögunarsjóður vegna alþjóðavæðingar auk sjóða til að takast á við kreppur hjá aðildarlönum. Nokkrar mikilvægar nefndir á sviði efnahags- og peningamála hafa verið settar á fót í tengslum við starf SBE og ráðs Evrópusambandsins. Ein mikilvægasta nefndin á þessu sviði er efnahags- og fjármálanefndin (e. Economic and Financial Committee) sem var stofnuð samkvæmt Maastricht sáttmálanum og þriðja áfanga EMU. Hlutverk hennar er að fylgjast með stöðu efnahags- og fjármála í aðildarríkjunum sem og samskiptum við önnur lönd og alþjóðastofnanir og undirbúa fundi ráðherranefndar um efnahagsmál (*EcoFin*). Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu tilnefna tvo fulltrúa hvert um í sig auk tveggja varamanna. Þeir skulu hafa sérfræðipækkingu á sviði efnahags- og fjármála. Einn aðalmaður og einn til vara skulu koma frá stjórnarráði og einn aðal- og varamaður frá seðlabanka hvers aðildarlands.

Meðal annarra nefnda sem líklegt er að Íslendingar hefðu gagn af virkri þátttöku í eru peningamálanefnd (e. Monetary Committee), efnahagsstefnunefnd (e. Economic policy Committee) og nefnd um tölfræði varðandi peningamál, fjármál og viðskiptajöfnuð (e. Committee on Monetary, Financial and Balance of Payments Statistics). Peningamálanefnd hefur það hlutverk að efla samvinnu á sviði peningamála til að tryggja virkni innri markaðarins og er samráðsveitvangur seðlabankastjóra aðildarríkjanna. Efnahagsstefnunefnd skal starfa náið með efnahags- og fjármálanefndinni. Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu skulu eiga fulltrúa í nefndinni, fjóra hver. Fulltrúar skulu vera óháðir sérfræðingar. Hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð er skipuð 1-3 fulltrúum frá hverju aðildarlandi. Þeir koma frá þeim stofnunum sem fást aðallega við hagskýrslugerð. Hagskýrslunefndin hefur það hlutverk með höndum að aðstoða framkvæmdastjórnina við að skipuleggja og gera virka hagtölugerð um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð.

Sjónarmið sem mikilvægt er að hafa í huga þegar til viðræðna kemur

Sjónarmið við viðræður snúa fyrst og fremst að þátttöku í ERM II og upptöku evru ásamt skilyrðum (Maastricht skilyrðum) um aðlögun að evrusvæði.

Í áliti meirihluta utanríkismálanefndar vegna þingsályktunartillögu um umsókn um aðild að Evrópusambandinu segir að í aðildarviðræðum eigi „að leggja kapp á að viðræður um gjaldmiðilsmál verði forgangsverkefni í viðræðuferlinu og í því eigi að leita eftir samkomulagi við ESB og ECB um stuðning við krónuna”¹¹. Auk þess er tekið undir þau

¹¹ sjá <http://www.althingi.is/altext/137/s/0249.html>

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

sjónarmið að Ísland leiti á fyrstu stigum viðræðna eftir sérstöku samkomulagi við ESB, og eftir atvikum evrópska seðlabankann, sem gæti verið stuðningur á næstu misserum við íslensku krónuna meðan á aðlögunarferli Íslands stæði

Varðandi Maastricht skilyrðin þarf að benda á að þótt verg skuldastaða hins opinbera sé yfir 60% af VLF markinu þá er skuldastaðan lækkandi og sjálfbær auk þess er hrein skuldastaða aðeins 26% af VLF (2010). Staða lífeyrisskuldbindinga til framtíðar er einnig betri en víða í aðildarríkjunum.

Önnur atriði

Það þyrfti að skoða hvort heppilegt er að gera vissar breytingar á regluverki um fjármálakerfi áður en að aðild að ESB og evrusvæði kemur, jafnvel þótt þeirra sé ekki krafist og þær þurfi ekki að semja um. Þar má t.d. nefna hvort breytingar þurfi að gera á uppgreiðsluákvæðum lánasamninga (t.d. Íbúðalánasjóðs) ásamt meðhöndlun verðtryggingar og vaxta á krónulánum.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.